

leigumatsgerð fyrir en hinn 23. apríl s.l. Jafnvel eftir að útburðarmál var höfðað vegna þessa greiðsludráttar, lét gerðarþoli undan fallast að greiða leigu. Eins og málum var háttað, þá er útburðarmál þetta var tekið fyrir, verður að telja, að gerðarþoli hafi gerzt sekur um miklar vanefndir leigumála síns við gerðarbeiðanda.

Af matsgerð húsaleigunefndar, sem réttinum vitanlega hefur ekki verið hrundið, virðist á hinn bóginn ljóst, að gerðarbeiðandi geti ekki haldið því fram, að hún hafi ekki fengið þá leigu, sem leyfilegt var að taka fyrir húsnæði þetta.

Með hliðsjón af málavöxtum þykir því rétt, að málskostnaður falli niður.

Því úrskurðast:

Málskostnaður fellur niður.

Miðvikudaginn 12. nóvember 1958.

Nr. 60/1958. **Reimar Stefánsson** (Jóhann Steinason hdl.)  
gegn

**Gunnari Þorsteinssyni hrl. f. h. Gerðar Sigfúsdóttur persónulega og fyrir hönd dóttur hennar, Gunnrúnar, (sjálfur)**  
og gagnsök.

Dómendur:

**hæstaréttardómaramir Árni Tryggvason, Gizur Bergsteinsson, Jón Ásbjörnsson og Jónatan Hallvarðsson og prófessor Ármann Snævarr.**

Skaðabótamál.

### Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 28. apríl 1958. Krefst hann lækkunar á dómkröfum gagnáfrýjanda og að hvor aðilja verði látinn bera kostnað sinn af málinu í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi hefur áfrýjað málinu af sinni hendi með stefnu 2. maí 1958. Krefst hann þess, að aðaláfrýjanda verði

dæmt að greiða Gerði persónulega kr. 447.404.00 eða aðra lægri fjárhæð að mati dómsins, auk 6% ársvaxta frá 13. október 1956 til greiðsludags. Þá krefst hún þess, að aðaláfrýjanda verði dæmt að greiða henni fyrir hönd dóttur hennar, Gunnrúnar, kr. 41.955.00 eða aðra lægri fjárhæð að mati dómsins, auk 6% ársvaxta frá 13. október 1956 til greiðsludags. Loks krefst gagnáfrýjandi málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti úr hendi aðaláfrýjanda.

Fyrir Hæstarétti var því lýst af hálfu aðaláfrýjanda, að viðurkennd væri óskoruð fébótaábyrgð hans vegna slyss þess, sem í málinu greinir.

Eftir þeim gögnum, er fyrir liggja um samband gagnáfrýjanda og Gunnars heitins Gizurarsonar, þykja ekki efni standa til að taka til greina kröfur hennar um bætur fyrir missi framfæranda. Hins vegar þykir eftir atvikum rétt, að aðaláfrýjandi bæti henni þá röskun á stöðu og högum, sem telja verður, að andlát Gunnars heitins hafi valdið henni. Þykja þær bætur hæfilega ákveðnar kr. 20.000.00, sem aðaláfrýjanda verður dæmt að greiða ásamt vöxtum, eins og krafizt er.

Krafa gagnáfrýjanda um bætur vegna Gunnrúnar dóttur hennar og Gunnars heitins er svo lág, að hún verður tekin til greina að fullu, en vextir af þeirri fjárhæð reiknast frá 23. marz 1957.

Þá verður aðaláfrýjanda og dæmt að greiða gagnáfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, sem ákveðst kr. 11.000.00. Af þeirri fjárhæð hljóti talsmaður gagnáfrýjanda í héraði kr. 6000.00 fyrir málflutning þar og ríkissjóður kr. 200.00, en gagnáfrýjanda hafði verið veitt gjafsókn í héraði.

#### Dómsorð:

Aðaláfrýjandi, Reimar Stefánsson, greiði gagnáfrýjanda, Gunnari Þorsteinssyni f. h. Gerðar Sigfúsdóttur persónulega kr. 20.000.00 með 6% ársvöxtum frá 1. nóvember 1956 til greiðsludags og vegna dóttur hennar

ar, Gunnrúnar, kr. 41.955.00 með 6% ársvöxtum frá 23. marz 1957 til greiðsludags.

Aðaláfrýjandi greiði gagnáfrýjanda kr. 11.000.00 í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti. Af þeirri fjárhæð hljóti talsmaður gagnáfrýjanda í héraði, Gunnar Þorsteinsson hæstaréttarlögmaður, kr. 6000.00 og ríkissjóður kr. 200.00.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

### **Dómur bæjarþings Reykjavíkur 11. febrúar 1958.**

Mál þetta, sem tekið var til dóms 31. f. m., hafa Gizur Sveinn Sveinsson trésmiður, Fjölnisvegi 6, hér í bæ, vegna sín og Gerður Sigfúsdóttir, Raufarhöfn, vegna sín og ójárráða dóttur sinnar, Gunnrúnar, höfðað á bæjarþinginu með stefnu, útgefinni 25. janúar 1957, gegn Reimari Stefánssyni, Lokastíg 11, hér í bæ. Stefnandinn Gizur Sveinn Sveinsson krefst þess, að stefndi verði dæmdur til að greiða honum skaðabætur að fjárhæð kr. 6.700.00, auk 6% ársvaxta frá 1. nóvember 1956 til greiðsludags og málskostnað að skaðlausu eftir mati dómarans.

Stefnandinn Gerður Sigfúsdóttir, sem veitt var gjafsókn í málinu með bréfi dómismálaráðherra, dagsettu 29. marz 1957, krefst þess, að stefndi verði dæmdur til að greiða henni persónulega kr. 447.404.00, auk 6% ársvaxta frá 13. október 1956 til greiðsludags, en vegna ójárráða dóttur hennar, Gunnrúnar, kr. 41.995.00, auk 6% ársvaxta frá 1. marz 1957 til greiðsludags. Í báðum tilvikum krefst hún málskostnaðar, eins og málið væri ekki gjafsóknarmál.

Stefndi hefur krafizt þess, að kröfur stefnenda verði lækkaðar mjög verulega og að málskostnaður verði látinn niður falla.

Vátryggingarfélaginu h/f, hér í bæ, er stefnt til réttargæzlu í málinu. Á hendur því eru þó engar kröfur gerðar, og það hefur engar kröfur gert.

Málsatvik eru þessi:

Laugardaginn 13. október 1956, nokkru fyrir miðnætti, ók stefndi bifreið sinni R 3555 austur Njarðargötu, hér í bæ. Að sögn hans voru akstursskilyrði slæm, þéttur rigningarúði og mjög vont skyggni. Er stefndi átti ófarinn nokkurn spöl að mót-

um Njarðargötu og svonefnds Öskuvegur, hliðargötu, sem liggur frá Njarðargötu til norðurs, sá hann til ferða manns, er gekk austur Njarðargötu á vinstra helmingi götunnar. Var hann klæddur dökkum jakkafötum, frakkalaus og herhöfðaður. Skipti það engum togum, að stefndi ók aftan á mann þennan með þeim afleiðingum, að hann hlaut slík lemskur, að hann mun að öllum líkindum hafa látizt þegar í stað. Hinn látni reyndist vera Gunnar Gizurarson iðnnemi, Fjölnisvegi 6, hér í bæ. Skömmu eftir slysið komu löggæzlumenn á vettvang, og gerðu þeir atvaganir á slysstaðnum, meðan ummerkjum öllum var þar enn óraskað. Slysið mun hafa orðið um 44 metrum vestan nefndra gatnamóta. Njarðargata er um 9 metrar á breidd á þessum slóðum. Engar afmarkaðar gangbrautir eru með fram götunni, en vestan megin hennar er 3 metra breiður skurður, sem liggur með fram götunni endilangri. Götulýsing var, er þetta gerðist, ófullkomin á þessum slóðum. Voru ljóskefssstaurar einungis norðan megin götunnar, og var langt bil á milli þeirra. Samkvæmt uppdrætti lögreglunnar af slysstaðnum hafa hemlaför eftir bifreið stefnda mælt um 17 metrar. Bifreiðinni hefur verið ekið á sínum vinstra helmingi götunnar, og hún hefur numið staðar í þeirri stöðu, að rúmur  $\frac{1}{2}$  metri hefur verið frá vinstra afturhorni að götjuaðri, en tæpir 2 metrar frá vinstra framhorni að götjuaðri. Samkvæmt uppdrættinum hefur Gunnar heitinn legið á hægri hliðinni við vinstri afturaurlíf bifreiðarinnar eftir slysið, alveg við götjuaðarinn. Hefur höfuð hans verið á móts við mitt afturhjólið, en efri hluti líkamans aftur með bifreiðinni. Fæturnir hafa snúið beint út að götjuaðrinum og náð nokkuð út fyrir hann. Er lýsing þessi á verksummerkjum í samræmi við skýrslu stefnda, sem rakin verður hér á eftir. Bifreið stefnda var ekki í ökufæru ástandi eftir slysið. Hafði vatnskassahlíf hennar brotnað og vélarhlífín færzt aftur og dældazt. Á ljósmynd af bifreiðinni, sem tekin var af lögreglunni skömmu eftir slysið, sjást glöggst skemmdir þær, er á bifreiðinni urðu. Virðist auðsætt af skemmdunum á vélarhlífinni, að Gunnar heitinn hafi kastazt upp á hana, er bifreiðin rakst á hann, þótt stefndi yrði þess eigi var, eins og greinir í skýrslu hans hér á eftir.

Daginn eftir var bifreiðin skoðuð og reynd í akstri af tveim bifreiðaeftirlitsmönnum. Í skýrslu þeirra, dagsettri 15. október 1956, segir m. a. á þessa leið:

„Bifreiðina gátum við ekki reynt fullkomlega í akstri, vegna þess að vatnskassinn hafði gengið aftur að blævængsspöðunum

og þeir skekkzt. Þá hafði kælivatnið runnið af kerfinu. Eftir smálagfæringu settum við vélina í gang og reyndum hemla á 10—15 km hraða og stöðvaðist bifreiðin á 2 metrum, greinileg hemlaför eftir öll hjól. Handhemill, stýrisbúnaður, ljós, flauta og glerþurrkur voru einnig í lagi. Bifreiðin R 3555 er Nash-fólksbifreið, smíðaár 1953, með vinstri hliðar stýri.“

Hinn 15. október, á öðrum degi eftir slysið, var lík Gunnars heitins krufið af Níels Dungal prófessor. Liggur fyrir í málinu ýtarleg skýrsla hans um krufninguna. Í niðurlagi hennar segir á þessa leið:

„Ályktun: Við krufningu fanst, að efsti hálsliður hafði farið úr liði, kramið mænuna og blætt út frá liðhlaupinu niður með mænu og upp í heilahimnur. Maðurinn hefur dáið strax af áverk-anum á mænuna. Hann hefur verið töluvert ölvaður.“

Sjónarvottar munu engir hafa verið að slysinu. En nokkrir menn, er hitt höfðu Gunnar heitinn umrætt kvöld, hafa borið vitni í málinu, svo og bifreiðarstjóri einn, er átti leið um slystaðinn í þann mund, er slysið varð. Verða nú rakin höfuðatriðin úr skýrslum stefnda og vitna þessara.

Stefndi skýrir svo frá, að á þessum tíma hafi hann verið atvinnubifreiðarstjóri og ekið bifreið sinni frá Bifreiðastöð Reykjavíkur. Er slysið varð, hafi hann verið á leið niður í miðbæ, eftir að hafa ekið fólki suður í Skerjafjörð. Hafi hann verið einn í bifreiðinni. Er hann ók framhjá „Vetrargarðinum“, hafi eitt-hvað af fólki verið þar utan dyra. Hafi hann því dregið úr hraða bifreiðarinnar. Eigi hafi fólk þetta þó verið á neinn hátt til trafala umferðinni um götuna. Hann hafi síðan ekið áfram austur Njarðargötu og haldið bifreiðinni á sínum vinstra göt-jaðri. Báðar rúðuburrkur bifreiðarinnar hafi verið í gangi og lægri ökuljósinn tendruð. Nokkru áður en slysið varð hafi bifreið komið á móti honum. Hafi það verið eina bifreiðin, er hann mætti á leið sinni austur Njarðargötu. Bifreið þessi, er reyndist vera leigubifreiðin R 7322, hafi einnig verið með lægri ökuljósinn tendruð. Hafi hann ekki orðið þess var, að hann yrði fyrir sér-stökum óþægindum af ljósum þessarar bifreiðar. Er bifreiðarnar voru í þann veginn að mætast, hafi hann allt í einu komið auga á Gunnar heitinn fyrir framan bifreið sína. Er þetta varð, hafi Gunnar heitinn verið um eina bíllengd fram undan bifreiðinni, á móts við miðja bifreiðina, að því er honum virtist, þó meira til vinstri, þ. e. nær götubrún. Stefndi kveðst telja, að hraði bifreiðarinnar hafi þá verið 35—40 km miðað við klukkustund, en

hraðamælirinn hafi þá verið í ólagi. Er hann kom auga á Gunnar heitinn fram undan bifreiðinni, hafi hann strax hemlað, en bifreiðin hafi runnið áfram allt að einu, enda hafi gatan verið nýhefluð og blaut. Það hafi svo engum togum skipt, að bifreiðin lenti aftan á Gunnar heitnum. Framendi bifreiðarinnar vinstra megin hafi skollið á honum og hafi höggið verið talsvert. Hafi Gunnar heitinn borizt með bifreiðinni um eina bíllengd á að gizka, en kastast þá út fyrir framaurhlíf hennar. Eftir það hafi bifreiðin runnið nokkuð áfram, unz hún staðnæmdist til fulls. Stefndi kveður sér hafa virzt Gunnar heitinn sitja á vatnsskassahlíf bifreiðarinnar þann spöl, er hann barst með henni. Aftur á móti hafi hann ekki orðið þess var, að hann lenti upp á vélarhlífinni.

Vitnið Ragnar Björnsson skýrir svo frá, að það hafi hitt Gunnar heitinn af tilviljun á Laugavegi um kl. 21.00 framangreint kvöld. Hafi þeir báðir verið undir áhrifum áfengis. Vitnið hafi verið með hálfu flösku að ákavíti meðferðis og úr henni hafi þeir drukkið saman um kvöldið. Ætlun þeirra hafi verið að fara á dansleik og í því skyni hafi þeir farið að nokkrum danshúsum, en hvergi fengið aðgöngumiða. Um kl. 23.30 hafi þeir látið aka sér suður að „Vetrargarði“, en er þangað kom, hafi verið búið að loka húsinu, svo að þeir hafi ekki komizt inn. Utan við skemmtistaðinn hafi þeir hitt kunningja sína og gefið sig á tal við þá. Gunnar heitinn hafi síðan horfið á brott frá samkomuhúsinu, en eigi hafi því til hugar komið, að hann væri alfarinn, þar eð hann hafi ekki kvatt. Það hafi svo ekki vitað frekar um ferðir hans, fyrr en það heyrði það skömmu síðar, að slys hefði orðið skammt austar á Njarðargötunni. Vitnið kveður Gunnar heitinn hafa verið eitthvað undir áhrifum áfengis í umrætt sinn, þó alls ekki áberandi ölvaðan. Þannig hafi það ekki getað séð, að hann reikaði í spori.

Vitnið Kristinn Karlsson skýrir svo frá, að það hafi verið statt við „Vetrargarðinn“ um kl. 23.45 umrætt kvöld, er Gunnar heitinn og Ragnar Björnsson komu þangað. Ragnar hafi gefið sig á tal við það, en Gunnar heitinn ekki. Hafi það álasað Ragnarari fyrir að taka Gunnar heitinn með sér að „Vetrargarðinum“ sakir þess, hve mikið ölvaður Gunnar heitinn var. Hafi Gunnar heitinn reikað í spori, er hann steig út úr bifreiðinni, sem flutt hafði þá félag að „Vetrargarðinum“.

Vitnið Tómas Karlsson, bróðir síðastnefnds vitnis, sem einnig var statt við „Vetrargarðinn“ á þessum tíma, skýrir svo frá, að

Gunnar heitinn hafi verið ölvaður og reikað lítils háttar í spori, er hann gekk. Það kveður bróður sinn hafa haft orð á því við Ragnar, að hann hefði ekki átt að koma með Gunnar heitinn með sér sakir þess, hve ölvaður hann var.

Vitnið Kristján H. Benjamínsson, sem ók fyrrgreindri bifreið, R 7322, tekur undir það með stefnda, að úrkoma hafi verið, er slysið varð, og skyggni slæmt. Að öðru leyti kemur ekkert það fram í framburði vitnis þessa, er hér geti skipt máli.

Af hálfu ákærvaldsins var höfðað opinbert mál á hendur stefnda vegna umrædds dauðaslyss. Var hann með dómi saka-dóms Reykjavíkur, uppkveðnum 24. apríl 1957, talinn hafa gerzt brotlegur við eftirtalin lagaákvæði með akstri sínum: 215. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, 9. gr., 1., 2., 4. og 5. mgr. 26. gr. og 1. mgr. 27. gr., sbr 1. mgr. 38. gr. bifreiðalaga nr. 23/1941, 2. gr. og 3. mgr. 4. gr., sbr. 1. mgr. 14. gr. umferðar-laga nr. 24/1941 og 46. gr., sbr. 1. mgr. 96. gr. lögreglusam-þykktar Reykjavíkur nr. 2/1930.

Dómi þessum mun ekki hafa verið áfrýjað til Hæstaréttar.

Kröfur sínar í málinu reisa stefnendur á því, að vafalaust sé, að stefndi hafi átt alla sök á slysi því, sem málið fjallar um. Beri hann því óskipta fébótaábyrgð á tjóni þeirra, er af slysinu hlaut.

Stefndi reisir kröfu sína í málinu á því, að skipta beri fébóta-ábyrgð á slysinu, þar eð Gunnar heitinn hafi verið áberandi ölvaður og slangrað fyrir bílinn. Beri og að hafa það í huga, að myrkur var, en Gunnar heitinn dökklæddur og gekk undan umferðinni.

Af atvikalýsingunni hér að framan er ljóst, að stefndi hefur valdið slysi því, sem málið fjallar um, með óhæfilega hröðum og að öðru leyti ógætilegum akstri. Eins og aðstæður eru fyrir gangandi vegfarendur á Njarðargötu á þeim slóðum, þar sem slysið varð, átti Gunnar heitinn eigi annars kost en ganga á akbrautinni. Að vísu er gangandi vegfarendum, þegar svo er, að jafnaði minni hættu búin, sé gengið á móti umferðinni. En hér er þess að gæta, að götulýsingin er á þeim jaðri götunnar, sem Gunnar heitinn gekk eftir. Með hliðsjón af þessu, og þar sem eigi er fram komið, að Gunnar heitinn hafi gengið óhæfi-lega langt inni á akbrautinni eða hagað sér að öðru leyti óvar-lega, þótt leitt sé í ljós, að hann var töluvert ölvaður, þá þykja ekki efni til að skipta sök á slysinu. Verður stefnda því gert að bæta stefnendum að fullu tjón þeirra af völdum slyssins.

Eins og getið var í upphafi, eru sóknaraðiljar máls þessa þrír. Verða nú kröfur hvers aðilja um sig teknar til athugunar.

I. Krafa Gizurar Sveins Sveinssonar.

Faðir Gunnars heitins krefst hér endurgreiðslu á útlögðum kostnaði vegna jarðarfarar Gunnars heitins. Sætir krafa þessi ekki andmælum og verður tekin til greina óbreytt.

II. Krafa Gerðar Sigfúsdóttur.

Krafa þessi sundurliðast þannig:

- |   |                |
|---|----------------|
| 1. Bætur vegna missis framfæranda .....     | kr. 397.404.00 |
| 2. Bætur vegna röskunar á stöðu og högum .. | — 50.000.00    |

---

Alls kr. 447.404.00

Um 1. og 2.

Kröfu þá, sem hér er uppi höfð, reisir stefnandinn Gerður á því, að hún og Gunnar heitinn hafi verið heitbundin hvort öðru. Eigi hún því vegna fráfalls hans rétt á bótum fyrir missi hans sem framfæranda, sem og bótum fyrir röskun á stöðu og högum. Skírskotar hún í þessu efni til 264. gr. laga nr. 19/1940 og 58. gr. laga nr. 50/1946.

Er Gunnar heitinn lézt, var hann 22 ára gamall, fæddur 23. janúar 1934, en Gerður 17 ára, fædd 6. janúar 1939. Gunnar heitinn stundaði nám í bifvélavirkjun, og voru 45 dagar eftir af námstímanum, er hann lézt. Guðjón Hansen tryggingafræðingur hefur reiknað út áætlað tjón Gerðar vegna missis Gunnars heitins sem framfæranda og byggt þann útreikning á sömu forsendum og gert hefði verið, ef hún og Gunnar heitinn hefðu verið gift, er hann féll frá. Eru henni samkvæmt því reiknaðar hálfar áætlaðar atvinnutekjur hans, eins langt fram í tímann og ætla má, að henni endist líf og honum hefðu enzt starfskraftar. Reiknað er með meðaltekjum bifvélavirkja og 6% vöxtum p. a. Reiknast hinum sérfróða manni með þessu móti, að tjón Gerðar við að missa helming áætlaðra vinnutekna Gunnars heitins vegna fráfalls hans nemi kr. 397.404.00. Er það sú fjárhæð, sem krafizt er undir 1. lið. Fjárhæðin undir 2. lið er á hinn bóginn áætluð.

Í greinargerð sinni í málinu mótmælti stefndi því, að Gerður og Gunnar heitinn hafi verið heitbundin hvort öðru, er hann féll frá. Taldi hann, að af því leiddi, að henni bæri engar bætur vegna fráfalls hans. Við munnlegan flutning málsins hinn 28. f. m. var á hinn bóginn viðurkennt af hálfu stefnda, að festar hafi stofnast með þeim, er Gunnar heitinn lézt. Var því jafn-

framt haldið fram, að sambandi þeirra yrði á engan hátt jafnað til hjúskapar. Gæti því alls ekki orðið um aðrar bætur til hennar að ræða en fyrir röskun á stöðu og högun, en þeim lið kröfunnar var mótmælt sem of háum.

Auk þess að vera heitbundin Gunnari heitnum, er hann lézt, var Gerður þá þunguð af hans völdum. Á hinn bóginn höfðu þau þá hvorki hafið sambúð né stofnað heimili, en tveir samstarfsmenn Gunnars heitins hafa skýrt frá því fyrir dómi, að hann hafi haft orð á því við þá, að hann hyggðist stofna til hjúskapar með Gerði, er hann hefði lokið námi sínu. Með hliðsjón af því, sem nú hefur verið rakið, þykir stefnandinn Gerður eiga nokkurn rétt til bóta fyrir missi framfærslu vegna dauða Gunnars samkvæmt 2. mgr. 264. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Hefur sú niðurstaða og stoð í ákvæðum laga nr. 50/1946. Hins vegar verður fallizt á það með stefnda, að sambandi Gerðar og Gunnars heitins verði ekki jafnað til hjúskapar. Er því eigi unnt að leggja útreikning tryggingafræðingsins til grundvallar við ákvörðun bóta samkvæmt 1. lið, en nokkur hliðsjón verður af honum höfð.

Eftir öllum atvikum þykja bætur til Gerðar samkvæmt báðum þessum kröfuliðum hæfilega ákveðnar í einu lagi kr. 100.000.00.

III. Krafa Gerðar Sigfúsdóttur vegna ófjarráða dóttur sinnar, Gunnarúnar.

Þess er áður getið, að stefnandinn Gerður var þunguð, er Gunnar heitinn lézt. Ól hún hinn 23. marz 1957 meybarn, sem hlaut nafnið Gunnarún. Er það ekki véfengt, að Gunnar heitinn hafi verið faðir telpunnar. Krafa sú, sem hér er uppi höfð hennar vegna, er á því byggð, að telpan eigi rétt á bótum fyrir missi framfæranda vegna láts föður síns. Hefur Guðjón Hansen trygg- ingafræðingur reiknað út áætlað tjón telpunnar vegna missis föðursins sem framfæranda, og telst honum það nema þeirri fjárhæð, sem hér er krafizt. Er þá reiknað með 6% vöxtum p. a. og miðað við, að framfærslualdurinn sé 16 ár. Við munnlegan flutning málsins fékk stefnandi komið því að með samþykki stefnda, að auk bóta fyrir missi fyrirvinnu verði telpanni einnig dæmdar bætur fyrir röskun á stöðu og högum samkvæmt þessum sama lið.

Stefndi hefur mótmælt því, að telpan Gunnarún eigi rétt á nokkrum bótum vegna dauða föður síns. Hefur hann í því efni vakið á því athygli, að telpan muni fá greitt meðlag frá Trygg-

ingastofnun ríkisins, í stað þess framfærslueyris, sem komið hefði frá föðurnum.

Á þetta þykir ekki verða fallizt með stefnda. Að vísu greiðir Tryggingastofnun ríkisins lögum samkvæmt barnalífeyri með telpunni, en eigi verða þær lífeyrisgreiðslur taldar hagga rétti telpunnar til fébóta úr hendi stefnda.

Samkvæmt framanskráðu og öðrum atriðum, er máli verða talin skipta, þykir fjárhæðin, sem hér er krafizt, við hóf sem bætur til Gunnrúnar fyrir missi fyrirvinnu og röskun á stöðu og högum. Verður krafa þessi því tekin til greina að fullu.

Úrslit málsins verða þá þau, að stefndi verður dæmdur til að greiða stefnandanum Gizuri Sveini Sveinssyni kr. 6.700.00 auk ársvaxta frá 1. nóvember 1956 til greiðsludags, stefnandanum Gerði Sigfúsdóttur vegna hennar sjálfrar kr. 100.000.00 auk 6% ársvaxta frá 13. október 1956 til greiðsludags, en vegna dóttur hennar, Gunnrúnar, kr. 41.955.00 auk 6% ársvaxta frá fæðingardegi hennar, 23. marz 1957, til greiðsludags.

Eftir þessum málalokum ber að dæma stefnda til að greiða stefnandanum Gizuri Sveini Sveinssyni kr. 1000.00 í málskostnað, en málskostnaður til stefnandans Gerðar Sigfúsdóttur vegna hennar og Gunnrúnar ákveðst kr. 11.200.00. Af þeirri fjárhæð hljóti skipaður talsmaður þeirra, Gunnar Þorsteinsson hrl., kr. 11.000.00 í málssóknarlaun, en ríkissjóður kr. 200.00.

Einar Arnalds borgardómari kvað upp þennan dóm.

#### Dómsorð:

Stefndi, Reimar Stefánsson, greiði stefnandanum Gizuri Sveini Sveinssyni kr. 6.700.00 auk 6% ársvaxta frá 1. nóvember 1956 til greiðsludags og kr. 1000.00 í málskostnað.

Stefndi greiði stefnandanum Gerði Sigfúsdóttur vegna hennar sjálfrar kr. 100.000.00 auk 6% ársvaxta frá 13. október 1956 til greiðsludags og henni vegna ófjárráða dóttur hennar, Gunnrúnar, kr. 41.955.00 auk 6% ársvaxta frá 23. marz 1957 til greiðsludags svo og kr. 11.200.00 í málskostnað. Af þeirri fjárhæð hljóti skipaður talsmaður þeirra, Gunnar Þorsteinsson hrl., kr. 11.000.00 í málssóknarlaun, en ríkissjóður kr. 200.00.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.